

Samantekt og helstu tillögur

úr fyrirbyggjandi skýrslu – **Skýrsla samstarfsverkefnis í málefnum heimilislausra**

Samstarfsverkefni í málefnum heimilislausra milli velferðarsviða

Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Verkefnastjóri Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir.



Heimilisláusir með miklar og flóknar þjónustuparfir (HMFP) er hópur heimilislausra, sem glímir ekki aðeins við húsnæðisleysi heldur fjölpættan vanda. Eitt af einkennum hópsins er alvarlegur fíkní- og/eða geðvandi og skert færni til að halda heimili. Þessi viðkvæmi hópur er í brýnni þörf fyrir húsnæði hvers úthlutun er ekki bundin ströngum skilyrðum auk þess sem mikil aðstoð þarf að fylgja húsnæðinu þannig að einstaklingum sé gert kleift að halda því þrátt fyrir að glíma við fjölpættan vanda. Auk þess þarf sá hluti hópsins sem ekki á í nein hús að venda að næturlagi aðgang að neyðaraðstoð á vettvangi.


Málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir mættu vera sýnilegri innan starfssviða þeirra sveitarfélaga sem tóku þátt í verkefninu (aðildarsveitarfélög). Ekkert þeirra hefur sett sérstaka stefnu í málaflokknum og fá húsnæðisúrræði standa eintaklingum með fjölpættan vanda til boða í viðkomandi sveitarfélögum.

Framkvæmd var úttekt á fjölda og högum heimilislausra, með áherslu á HMFP á tímabilinu desember 2022 og janúar 2023. Úttektin leiddi í ljós að **76 einstaklingar** í aðildarsveitarfélögum tilheyra hópnum og eru í bráðum húsnæðisvanda. Stærsti hluti hópsins eru karlmenn eða 77%. Langflestir einstaklingar hafa íslenskt ríkisfang eða 88%. Stærsti hluti hópsins býr við **ótryggar húsnæðisáðstæður**, sem þýðir að þeir gista hjá vinum eða ættingjum, eru háðir geranda um húsnæði eða eru með húsnæði en eiga á hættu að missa það. Af þeim 76 einstaklingum sem falla undir hópinn eru 22 einstaklingar með staðfesta fötlunargreiningu.

Tekin var saman tölfræði vegna nýtingar einstaklinga með lögheimili í aðildarsveitarfélögum á gistiskýlum Reykjavíkurborgar á árunum 2019-2022. Sú samantekt leiddi í ljós að gestum gistiskýlanna frá aðildarsveitarfélögum hefur fjölgað töluvert milli ára, það sama á við um fjölda gistingu. Á árinu 2022 gistu **67 einstaklingar** frá aðildarsveitarfélögum í gistiskýlunum í samtals **1436 nætur**. Flestir einstaklingar gistu 10 nætur eða færri yfir árið, en 9 einstaklingar gistu fleiri en 51 nótt yfir árið. Brýnt er að finna lausn á vanda þeirra einstaklinga sem nýta sér neyðargistingu til lengri tíma. Reykjavíkurborg hefur nýlega lýst því yfir að til standi að hækka gistinguáttagjaldið um helming. Það þýðir að ef fram heldur sem horfir, hvað varðar fjölda gesta og gistinguátta, má reikna með að samanlagður heildarkostnaður aðildarsveitarfélaganna vegna neyðarskýlanna árið 2023 verði yfir kr 60.000.000,-. Horfa má þannig á að sé lagt upp úr því að fækka í hópi þeirra sem nýta sér neyðargistingu til lengri tíma megi losa um töluverða fjármuni og nýta þá í úrræði sem eru nær því að bæta áðstæður þessara einstaklinga til frambúðar.

Sveitarfélög bera lögbunda skyldu til að láta sig málefni heimilislausra varða. Þegar leita þarf leiða til að bæta þjónustu við hóp heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir þarf að horfa á vandann heildrænt. Um er að ræða húsnæðis-, félags-, og heilbrigðisvanda sem verður ekki leystur nema með traustu samstarfi allra þeirra aðila sem þjónusta hópinn, einkaðila jafnt sem opinberra. Samandregið má líta svo á að til að bæta þjónustu aðildarsveitarfélaganna við hópinn þurfi að tryggja framboð húsnæðis án strangra skilyrða þar sem mikill stuðningur fylgir og bjóða upp á neyðarþjónustu og úrræði fyrir þá einstaklinga sem treysta á gistingu í neyðarathvörfum. Aðgerðir byggðar á hugmyndafræði Housing First (húsnæði fyrst, HF) og undir formerkjum skaðaminnkandi nálgunar hafa reynt vel sem útgangspunktur í uppbyggingu þjónustu við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Samkvæmt hugmyndafræði HF er húsnæði grunnþörf sem þarf að mæta áður en einstaklingur tekst á við aðrar áskoranir.

Heimilisláusir (HMFP) í aðildarsveitarfélögum - hlutfall og fjöldi



Tillögur að úrbótum

- Nánari lýsingu á tillögum er að finna í [Skýrslu samstarfsverkefnis í málefnum heimilislausra](#)

1. Styrkja stoðir málaflokksins innan starfssviða aðildarsveitarfélaganna

- Gera stefnu í málefnum heimilislausra og gera málaflokkinn sýnilegri í heildarstefnum og aðgerðaáætlunum.
- Auka þekkingu á málaflokknum með fræðslu starfsfólks, s.s um skaðaminnkandi nálgun í þjónustu.
- Halda áfram að greina þjónustuparfir HMFP með tilliti til uppbyggingar úrræða og þjónustu.
- Gera reglulegar úttektir á fjölda og högum hópsins.
- Koma á fót formlegum samráðsvettvangi aðildarsveitarfélaganna í málefnum heimilislausra.
- Efla samstarf innan málaflokksins milli ríkis, sveitarfélaga og félagastamtaka sem starfa innan þessa málaflokks.

2. Vettvangs- og ráðgjafarteymi og HF húsnæði

- Koma á fót sameiginlegu vettvangs- og ráðgjafarteymi að fyrirmynd Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar.
- Teymið veitir aðstoð til heimilislausra einstaklinga sem hafa fengið úthlutað húsnæði.
- Teymið veitir aðstoð til heimilislausra einstaklinga sem hvergi hafa höfði sínu að halla að næturlagi eða búa við ótryggar húsnæðisaðstæður.
- Tryggja framboð á húsnæði fyrir HMFP samkvæmt hugmyndafræði HF.

3. Dagsetur fyrir heimilislausu og staðbundið neyslurými

- Koma að stofnun dagseturs fyrir heimilislausu karlmenn. Fylgja eftir tillögu frjálsra félgasamtaka sem starfa í þágu málaflokksins um stofnun dagseturs fyrir karlmenn í samstarfi við þau og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
- Koma að stofnun staðbundis neyslurýmis fyrir einstaklinga í virkri neyslu. Leita eftir samstarfi við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu sem hefur reynslu af rekstri slíks úrræðis.
- Tryggja áframhaldandi rekstur og lengdan opnunartíma dagseturs fyrir heimilislausar konur. Leita eftir samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar sem í dag rekur Skjólíð, dagsetur fyrir heimilislausar konur.

4. Uppbygging sértækra húsnæðisúrræða fyrir heimilislausu

- Leggja frekara mat á þörf fyrir uppbyggingu sértækra tímabundinna og langtímaúrræða fyrir HMFP.
- Kanna sérstaklega þörf á að stofna heimili fyrir heimilislausu einstaklinga með tvígreiningu; geðfötlun og fíknivanda.
- Kanna sérstaklega möguleika á stofnun tímabundis úrræðis fyrir HMFP þar sem einstaklingar geta dvalið meðan fundin er langtímalausn á húsnæðisvanda þeirra.